



HUNDALESTUR.IS

Ársskýrsla 2025

Stjórn félagsins

Stjórn Vigdísar – Vina gæludýra á Íslandi var kosin á aðalfundi 5. maí 2025:

- Sigrún Huld Auðunsdóttir, formaður
- Sigríður Bílddal, Gjaldkeri
- Brynja Tomer, ritari
- Guðrún Inga Blandon, meðstjórnandi
- Emily Lethbridge, meðstjórnandi

Varamenn stjórnar:

- Erna Matthíasdóttir
- Guðbjörg Guðmundsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

- Gyða Guðjónsdóttir
- Margrét Sigurðardóttir

Aðalfundur

Aðalfundur var haldin 5. maí 2025 þar sem hefðbundin aðalfundarstörf fóru fram. Fundargerð aðalfundar var birt á Facebook síðu Vigdísar sem og hópnum Lesið fyrir hund til upplýsingar fyrir félagsmenn.

Störf stjórnar

Stjórn fundar fyrsta mánudag hvers mánaðar á Teams. Það er gert til að koma til móts við ólíka búsetu stjórnarmeðlima. Samstarf stjórnar hefur gengið mjög vel og hefur margt verið unnið á þessu starfsári Vigdísar. Áhersla starfsársins hefur verið á að fjölga lestrarliðum með námskeiðum, endurhönnun vefsíðu, auka sýnileika Vigdísar og að efla félagið. Innleitt var nýtt verklag fyrir umsjónarmenn þar sem foreldrar skrifa nú undir samþykki fyrir birtingu mynda úr lestrarstundum. Þá er félagið öruggt um að þær myndir sem félagið notar sé með upplýstu samþykki allra aðila.

Námskeið

Árið 2025 voru haldin tvö námskeið þar sem sóttu samtals 4 lestrarlið. Af þessum fjórum lestrarliðum hafa þrjú lið lokið æfingarlestri og teljast fullgild lestrarlið

Lestur á bókasöfnum, lestrarlið og umsjónarmenn

Lestrarstundir á vorönn voru samtals 13 og á haustönn 14. Bókasafn Garðabæjar ákvað að hvíla hundalestur á haustönn og Bókasafn Álftanes ákvað að hvíla á vorönn. Hundalestur hefur farið frá Bókasafni Garðabæjar, Bókasafni Kópavogs, Bókasafni Mosfellsbæjar, Bókasafni Seltjarnarness, Bókasafni Álftaness, Bókasafni Hveragerðis og Bókasafni Suðurnesbæjar. Samtals eru 14 fullgild lestrarlið og 1 lestrarlið í þjálfun. Umsjónarmenn eru samtals 8. Einn lestrarhundur hætti vegna aldurs. Á vorönn 2026 hafa verið 21 lestrarstund þar sem Bókasafn Reykjanesbæjar hefur bæst við hópinn núna eftir áramót.

Styrkir, samstarf, fyrirspurnir og félgsgjöld

Ekki var sótt um neina styrki á starfsárinu. Samstarf hefur verið virkt við Dýrheima og hefur fyrirtækið bæði styrkt og stutt við starfsemi Vigdísar. Einnig hefur HRFÍ verið viljugt til að

lána félaginu aðstöðu sína að kostnaðarlausu. Félagið færir þessum samstarfsaðilum kærar þakkir fyrir hlýhug og stuðning við starfsemi félagsins. Virkir meðlimir Vigdísar eru 40 talsins og greiddu 32 þeirra félagsgjöld, en þeir sem hafa náð 70 ára aldri eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda.

Fræðslufundir og kynningar

Starfsemi Vigdísar var kynnt á fjölmennri ráðstefnu Félags sérkennara á Íslandi sem haldin var á Grand Hótel þann 20. janúar. Mikill áhugi var á starfsemi Vigdísar og fékk fyrirlesari margar fyrirspurnir um tilgang félgsins og starfsemina. Hittingar voru tveir á vegum félagsins árið 2025, en hist var á kaffihúsi Dýrheima 8. mars og í húsnæði HRFÍ þann 30. ágúst. Auður Björnsdóttir var með fyrirlestur um merkjamál hunda á TEAMS á vorönn 2026, upptaka af fundinum var sett á inn á Facebook hópinn Lesið fyrir hund þar sem þeir meðlimir sem ekki komust gátu fengið aðgengi að fyrirlestrinum.

READ og ITA

Brynja Tomer er tengiliður Vigdísar við ITA í Bandaríkjunum. ITA fékk útdrátt úr ársskýrslu á ensku sem félagið samþykkti.

Fjölmiðlar, auglýsingar, vef- og samfélagsmiðlar

Heimasíða félagsins var „hökkuð” og lá því niðri í einhvern tíma. Búið er að vinna að ýmsum lagfæringum á starfsárinu og meðan allar var farið í endurhönnun og skilgreiningu á tilgangi og starfsemi félagsins. Facebook síða félagsins hvarf og þyrfti því að búa til nýja síðu sem verið er að byggja aftur upp. Ákveðið var í kjölfairð að leggja áherslu á heitið Hundalestur eða Lesið fyrir hund í stað þess að notast við Vigdísi – vini gæludýra á Íslandi. Var það gert eftir ábendingar frá „notendum” sem töluðu um að erfitt væri að finna upplýsingar um félagið. Einnig var instagram síða félagsins endurvakin. Eftir áramót birtist viðtal á mbl.is við formann þar sem farið var yfir starfsemi og tilgang Vigdísar, en ljósmyndari kom í heimsókn í lestrarstund til að taka myndir sem birtust með fréttinni. Viðtal var við Emily Lethbridge á RÚV, útvarpi, þar sem hún sagði frá félaginu.



HUNDALESTUR.IS

Starfs- og fjárhagsætlun 2026-2027

- Áhersla verður á uppbyggingu á heima- og Facebook síðu félagsins ásamt því að virkja betur Instagramsíðu. Unnið verður áfram með Ragnari Trausta Ragnarssyni til þess að ná markmiðum félagsins um sýnileika.
- Stefnt er að því að halda 2-3 námskeið til þess að fjölga lestrarliðum.
- Funda á með umsjónarmönnum lestrarstunda í ágúst þar sem „kitt“ sem notuð eru í lestrarstundum verða yfirfarin og gætt þess að allir hafi sama eða sambærilegan búnað til lestrarstunda.
- Samstarfi við bókasöfnin verður áframhaldið með sama hætti og verið hefur.
- Stjórn mun skoða að sækja um styrki til þess að auka starfsemi ennfrekar.
- Stefnt er að hittingi lestrarliða og umsjónarmanna einu sinni á hvorri önn. Annar þeirra hittingur verður með fræðsluívafi.